

**Kjarafélag  
viðskiptafræðinga og  
hagfræðinga  
Ársreikningur  
2024**

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga  
Borgartúni 6  
105 Reykjavík  
Kt. 450588-2029

**Kjarafélag**  
**viðskiptafræðinga og**  
**hagfræðinga**  
Ársreikningur  
2024

**Efnisyfirlit**

|                            |     |
|----------------------------|-----|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar           | 4   |
| Rekstrarreikningur         | 5   |
| Efnahagsreikningur         | 6   |
| Skýringar                  | 7-8 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024 og efnahag þess 31. desember 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 26. mars 2025.

**Deloitte ehf.**

Gunnar Þorvarðarson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Félagið sér um að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Engir starfsmenn unnu hjá félaginu en árið áður voru 1,7 starfsgildi. Stjórnarmenn fengu greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2024 kr. 48.521.696. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 233.456.050.

Í ársbyrjun 2024 stofnuðu Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins nýja þjónustuskrifstofu fyrir félagsfólk. Í lok árs var samstarfinu slitið.

Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2025.

Stefán Þór Björnsson  
Stjórnarformaður

Helga S. Sigurðardóttir

Hans Benjamínsson

Ingólfur Sveinsson

Guðjón Hlynur Guðmundsson

## Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2024. Við höfum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

Magnús Sigurðsson

Jóngeir Hlinason

## Rekstrarreikningur ársins 2024

|                                                       | Skýr. | 2024                         | 2023                         |
|-------------------------------------------------------|-------|------------------------------|------------------------------|
| Félagsgjöld .....                                     |       | 159.737.073                  | 147.171.278                  |
| Iðgjald vegna hagfræðilegrar greiningar o.fl. ....    |       | 7.111.707                    | 3.479.411                    |
| Aðrar rekstrartekjur .....                            |       | 0                            | 1.100.000                    |
|                                                       |       | <u>166.848.780</u>           | <u>151.750.689</u>           |
| <br>Framlög til BHM .....                             |       | <br>(44.617.874)             | <br>(37.598.214)             |
| Framlög til þjónustuskrifstofu HVSL .....             |       | (53.615.062)                 | 0                            |
| Laun og launatengd gjöld .....                        | 3     | (15.525.036)                 | (52.083.112)                 |
| Annar rekstrarkostnaður .....                         | 4     | (15.407.264)                 | (16.260.232)                 |
| Afskriftir .....                                      |       | (67.251)                     | (67.251)                     |
|                                                       |       | <u>(129.232.487)</u>         | <u>(106.008.809)</u>         |
| <br><b>Rekstrarhagnaður</b>                           |       | <br>37.616.293               | <br>45.741.880               |
| <br>Fjármunatekjur .....                              |       | <br>10.673.768               | <br>7.917.235                |
| Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfaeign ..... |       | 3.330.748                    | 445.741                      |
| Fjármagnstekjuskattur .....                           |       | (3.049.255)                  | (1.836.086)                  |
| Fjármagnsgjöld .....                                  |       | (209.846)                    | (230.263)                    |
| Hlutdeild í afkomu Húsfélags BHM sf. ....             | 5     | 159.988                      | 61.424                       |
|                                                       |       | <u>10.905.403</u>            | <u>6.358.051</u>             |
| <br><b>Hagnaður ársins</b>                            |       | <br><u><u>48.521.696</u></u> | <br><u><u>52.099.931</u></u> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir                                 |   | 31.12.2024         | 31.12.2023         |
|----------------------------------------|---|--------------------|--------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                  |   |                    |                    |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....     |   | 378.381            | 445.632            |
| Eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf. ....  | 5 | 31.676.486         | 31.516.498         |
|                                        |   | <u>32.054.867</u>  | <u>31.962.130</u>  |
| <b>Veltufjármunir</b>                  |   |                    |                    |
| Útistandandi félagsgjöld .....         |   | 19.866.000         | 16.361.708         |
| Aðrar skammtímakröfur .....            | 6 | 3.657.034          | 562.006            |
| Verðbréfaeign .....                    |   | 30.305.165         | 30.347.492         |
| Handbært fé .....                      |   | 148.531.477        | 106.220.538        |
|                                        |   | <u>202.359.676</u> | <u>153.491.744</u> |
| <b>Eignir</b>                          |   | <u>234.414.543</u> | <u>185.453.874</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>             |   |                    |                    |
| <b>Eigið fé</b>                        |   |                    |                    |
| Eigið fé í upphafi árs .....           |   | 184.934.354        | 132.834.423        |
| Afkoma ársins .....                    |   | 48.521.696         | 52.099.931         |
| <b>Eigið fé</b>                        |   | <u>233.456.050</u> | <u>184.934.354</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                |   |                    |                    |
| Viðskiptaskuldir .....                 |   | 762.988            | 519.520            |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld ..... |   | 195.505            | 0                  |
| Skuldir                                |   | <u>958.493</u>     | <u>519.520</u>     |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>             |   | <u>234.414.543</u> | <u>185.453.874</u> |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er aðildarfélag að Bandalagi háskólamanna og er meginstarfsemi félagsins að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna og að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á

Engir starfsmenn voru hjá félaginu á árinu samanborið við 1,7 starfsgildi árið áður. Stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan að verðbréfaeign er færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

### Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Laun og launatengd gjöld

|                                    | 2024              | 2023              |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun starfsmanna og stjórnar ..... | 6.036.876         | 33.459.451        |
| Önnur þóknun .....                 | 6.569.211         | 9.592.148         |
| Bifreiðastyrkur .....              | 0                 | 240.000           |
| Mótframlag í lífeyrissjóð .....    | 1.980.124         | 6.029.673         |
| Tryggingagjald .....               | 926.222           | 3.131.897         |
| Stéttarfélagsgjöld .....           | 12.603            | 1.186.624         |
| Breyting á áföllnu orlofi .....    | 0                 | (1.556.681)       |
|                                    | <u>15.525.036</u> | <u>52.083.112</u> |

# Skýringar

## 4. Annar rekstrarkostnaður

|                                            | 2024              | 2023              |
|--------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Annar starfsmannakostnaður .....           | 0                 | 551.930           |
| Ráðstefnur, ferðakostnaður .....           | 96.481            | 5.150             |
| Rekstrarframlag til Húsfélags BHM sf. .... | 2.425.055         | 3.822.636         |
| Sími og burðargjöld .....                  | 1.048             | 132.506           |
| Bækur, blöð og tímarit .....               | 136.114           | 249.766           |
| Pappír, prentun og ritföng .....           | 64.084            | 322.656           |
| Rekstur tölvukerfis .....                  | 2.816.338         | 887.536           |
| Kostnaður vegna BIB .....                  | 397.232           | 523.941           |
| Aðkeypt þjónusta .....                     | 150.000           | 411.916           |
| Endurskoðun og reikningsskil .....         | 1.426.000         | 1.059.518         |
| Bókhaldsþjónusta .....                     | 747.882           | 464.430           |
| Lögfræðikostnaður .....                    | 6.158.739         | 5.580.624         |
| Kynningarmál og auglýsingar .....          | 204.915           | 131.638           |
| Fundarkostnaður .....                      | 651.838           | 1.375.363         |
| Áhöld og tæki .....                        | 75.771            | 716.061           |
| Annar kostnaður .....                      | 55.767            | 24.561            |
|                                            | <u>15.407.264</u> | <u>16.260.232</u> |

## 5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga á 6,16% eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins.

Breytingar á eignarhlut í Húsfélagi BHM á árinu greinast þannig:

|                          | 2024              | 2023              |
|--------------------------|-------------------|-------------------|
| Staða 1.1. ....          | 31.516.498        | 31.455.074        |
| Hlutdeild í afkomu ..... | 258.456           | 161.902           |
| Afskrift yfirverðs ..... | (98.468)          | (100.478)         |
| Staða 31.12 .....        | <u>31.676.486</u> | <u>31.516.498</u> |

## 6. Aðrar skammtímakröfur

|                                       | 2024             | 2023           |
|---------------------------------------|------------------|----------------|
| Krafa á þjónustuskrifstofu HVSL ..... | 3.062.438        | 0              |
| Aðrar skammtímakröfur .....           | 594.596          | 562.006        |
|                                       | <u>3.657.034</u> | <u>562.006</u> |